

Aðalfundur foreldrafélags Varmahlíðarskóla
haldinn í matsal skólans 25. október 2022 kl. 20:30

Sólborg formaður setti fund og bauð gesti velkomna. Atli var skipaður fundarstjóri og ritar einnig fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning og skipun starfsmanna
2. Skýrsla formanns
3. Reikningar
4. Kosningar
5. Önnur mál

2. Skýrsla formanns

Sólborg fór yfir starfseminu á liðnu starfsári sem var fremur lítil vegna Covid, en nú horfir til betri vegar. Þrír stjórnarfundir voru haldnir auk samskipta á netinu, niðurgreiddir voru miðar í leikhús, öskudagsnammi keypt og komið að vorhátíð. Það sem er framundan er að styrkja kaup á útileikföngum, styrkja fyrirlesara fyrir foreldra, möguleg aðkoma bekkjarfulltrúa að bekkjarkvöldum og möguleg aðkoma að danssýningu í byrjun desember.

3. Reikningar

Staða um áramót 530.187kr., staða í dag 682.585kr.

4. Kosningar

Einna aðalmaður til þriggja ára í stað Ragnhildar Jónsdóttur, kosningu hlaut Elma Þorleifsdóttir Marbæli.

Tveir varamenn til eins árs, endurkjörnir voru Sigurður Ólason og Vilhjálmur Agnarson. Einn fulltrúa í skólaráð í stað Gunnhildar Gísladóttur, kosningu hlaut Sigrún Helgadóttir Reynisstað.

Varamann í skólaráð til eins árs, kosningu hlaut Lilja Bjarnadóttir Garðhúsum.

Tilnefndir voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar

1. Bekkur Atli og Kristvina Álftagerði
2. Bekkur Eyþór og Díska Sólheimagerði
3. Bekkur Dagur og Þyrey Víðiholti
4. Bekkur Unnur og Stefán Brautarholti
5. Bekkur Linda og Páll Litlu Gröf
6. Bekkur Hafrún og Heimir Sauðárkrók
7. Bekkur Sigga og Búi Bústöðum
8. Bekkur María og Gísli Vöglum
9. Bekkur Birgitta og Stefán Álfheimum
10. Bekkur Sveinn og Ingibjörg Varmahlíð

5. Önnur mál

Rætt um mögulega fyrirlesara, t.d. tölvunotkun og skjátími, Eyjólfur Örn Jónsson var fyrir fáeinum árum.

Rætt um leikvöll sem þarfnast viðhalds, þyrfti að kaupa ný leiktæki. Stjórn falið að senda bréf á Stein Leó, Guðmund í Seylu og sveitarstjóra.

Ragnhildur fékk lófatak fyrir vel unnin störf undarfarin sex ár

Sólborg formaður sleit fundi

Atli Már Traustason ritari